

Alþingi
Erindi nr. P 138/3141
komudagur 13.4. 2010

Tómas Gunnarsson,
kt. 24.09.37 – 7199,
Bleikjukvísl 1,
110 Reykjavík.


Reykjavík, 13. apríl 2010.

Ríkissaksóknari, hr. Valtýr Sigurðsson,
Ríkislögreglustjóri, hr. Haraldur Jóhannessen,
Sérstakur saksóknari, hr. Ólafur Þór Hauksson,
fr. Anna Kristín Ólafsdóttir, stjórnsýslufræðingur, form. nefndar til að endurskoða lög um
Stjórnarráð Íslands, Forsætisráðuneytinu.
hr. Atli Gíslason, alþm., formaður þingnefndar um að kveðja saman Landsdóm, Alþingi,
hr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, formaður nefndar um viðbrögð stjórnsýslunnar við
niðurstöðum Rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið í október 2008, Háskóla Íslands,
og
ritstjórn DV, Lynghálsl 5, 110 Reykjavík.

Virðulegu opinberu aðilar og ritstjórn DV.

Sendi hjálagt grein mína, **Hrun – Skýrsla – hvað næst?** til upplýsinga.
Óska eftir við ritstjórn DV að greinin verði birt í blaðinu við hentugt tækifæri.

Virðingarfyllst,



Hrun – Skýrsla – hvað næst?

Hrunið með þúsunda milljarða tjón fyrir innlenda og erlenda aðila er staðreynd.

Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis frá 12. apríl 2010 upplýsir um mörg og alvarleg lögprot almennra borgara og opinberra aðila. Hver verða næstu skref? Aðgerðir Ríkissaksóknara og Ríkislögreglustjóra, sem voru tíu ár með málverkafölsunarmál og fimm ár með Baugsmál, án verulegs árangurs? Refsirannsóknarumfang Hrunsins er risavaxið, margra áratuga verk sé miðað við verklag Íslendinga til þessa. Ekki er líklegt að sérstakur saksóknari, sem sjálfur er með takmarkaða menntun og reynslu á sviði efnahagsbrota og starfar jafnframt í umhverfi sem skortir slíkar forsendur, leysi málin. Og er forsvaranlegt að leggja slíkar byrðar á einn eða fáa menn meðan opinberir aðilar, sem hafa lögbundnar skyldur til vinna verkin, kunna ekki og geta ekki? Á bótaréttur sem tengist hruninu að fyrnast meðan rannsóknir í lokuðum stofnunum bankaleyndar silast áfram og er máttulegt að þeir sem lentu í meintu brotaferli bíði árum saman eftir niðurstöðu? Höfum við svo fangelsi til að hýsa marga brotamenn og peninga og vilja til að reka þau?

Niðurstaða Rannsóknarnefndarinnar staðfestir slaka opinbera stjórnsýslu hér. Íslendingar byggju ekki við slaka opinbera stjórnsýslu, hefði Umboðsmaður Alþingis náð góðum árangri í störfum sínum á liðnum árum og hefði réttarkerfi okkar verið vandað og fljótvirkt. Svo einfalt er það.


Hvað skal gera?

Endurgerð stjórnarskrár er oft nefnd og undir það skal tekið sem langtíma aðgerð.

Viðkvæmasti og vandasamasti og jafnframt mikilsverðasti þáttur stjórnskipunarinnar er réttarkerfið. Réttarkerfi okkar þarfnast líka endurgerðar. Stjórn mála- og vinatengsl hafa lengi sligað það og menntun til að fara faglega með efnahagsprot virðist skipulega hafa verið sniðgengin. Því er brýnt að mennta fólk til að fjalla um efnahagsprot, allt frá rannsóknarmönnum til saksóknara, dómara og fjölmiðlamanna.

Óhjákvæmileg og fljótvirkt lausn Hrunmála er **aflétting bankaleyndar** á að minnsta kosti á öllum færslum sem eru hærrí en tíuföld árslaun öryrkja, innan við tuttugu milljónir króna. Enda eru engin rök, hvorki efnisleg eða lagaleg, sem réttlæta bankaleynd á hærrí færslum sem friðhelgum einkamálum. Aflétting bankaleyndar af stærstu færslum mundi auðvelda upplýsingu mála, málsóknir einkaaðila og endurheimt illa fengins fjár. Það minnkar líka þörfina á refsímálum því þungamiðja þeirra er upplýsing.

Reykjavík, 13. apríl 2010.


Tómas Gunnarsson, kt. 24.09.37 – 7199.